

Fræðslunet Suðurlands efnir til námskeiðs í Vík í Mýrdal á vorönn 2005. Yfirskriftin er:

## **Mýrdalshreppur - land og saga**

### Átthagafræði í ellefu hundruð ár

(10 x 2 tímar)

Eins og fyrisögnin ber með sér er hér um yfirgripsmikið efni að ræða. Alls hafa verið ráðnir þrettán fyrirlesarar til að fjalla um hin fjölmörgu efni er lögð verða fram. Um er að ræða sérfræðinga á flestum sviðum (landnám, jarðfræði, atvinnuhættir, saga, menning o. fl.) og menn er gjörþekkinga sveitina og sögu hennar. Um tímasetningu, nöfn fyrirlesara og heiti fyrirlestra vísast að öðru leyti í meðfylgjandi dagskrá. Þátttökugjald er kr. 8.000 og óskast greitt við upphaf námskeiðs, 8. febr. nk. Boðið verður upp á ókeypis akstur frá Selfossi alla dagana á námskeiðið, brottför kl. 18:30 frá Austurvegi 56. Sambærileg námskeið voru haldin í Biskupstungum 2002, í Hrunamannahreppi 2003 og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2004 á vegum Fræðslunets Suðurlands. Mikil þátttaka var á þeim námskeiðum og tókust þau með þeim hætti, að sjálfsagt þótti að halda áfram á sömu braut. Á næstu misserum og árum verður öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi gefinn kostur á sams konar námskeiðum.

Ýmis félagasamtök og fyrirtæki í Mýrdalshreppi og víðar styrkja námskeiðið fjárhagslega. Þeir sem óska eftir frekari upplýsingum er vinsamlega bent á að hafa samband við Jón Hjartarson s. 480-8155 og 480-5020 netf. [fraedslunet@sudurland.is](mailto:fraedslunet@sudurland.is) eða undirritaðan. Skráning á námskeiðið er hjá sömu aðilum.

F. h. Fræðslunets Suðurlands

Óskar H. Ólafsson, s. 482-4117

netf. [oho7@simnet.is](mailto:oho7@simnet.is)

**Mýrdalshreppur - land og saga -  
Átthagafræði í  
ellefu hundruð ár**

**Staður: Vík**

**Þriðjudagskvöld 8. febr. – 12. apríl 2005 kl. 20:30 – 22:30**

Námskeið	Nafn kennara	Nr. lesturs	Fjöldi stunda	Dagsetn.
Setning kl. 20.30	Jón Hjartarson			08.02
Landnám- landfræðilegir þættir	Óskar H. Ólafsson	I	2	08.02
Jarðfræði og samband manns og náttúru frá landnámi til nútíma	Kristján Sæmundsson	II	2	15.02
Atvinnulíf-atvinnuhættir frá landnámi til vorra daga	Þórir Kjartansson Runólfur Sigursveinsson	III	2	22.02
Uppruni - ættartengsl og merkir einstaklingar. – Hvaðan kom og hvert flutti fólk? Búseta	Björgvin Salómonsson	IV	2	01.03
Fornar leiðir og samgöngur í Mýrdalshreppi frá upphafi til okkar daga	Sigurður Hjálmarsson Þórður Tómasson	V	2	08.03
Menning og saga	Björgvin Salómonsson	VI	2	15.03
Kyngimögnuð náttúra - þjóðsögur og sagnir	Sigrún Lilja Einarsd.	VII	2	22.03
Þéttbýlið í Vík frá upphafi til okkar daga. Verslun og viðskipti	Kjartan Ólafsson	VIII	2	29.03
Útgrerðarsagan	Sigbór Sigurðsson Þórður Tómasson	IX	2	05.04
Ógnanir – tækifæri Nútíminn - framtíðarsýn - Lokahóf	Sveinn Pálsson o. fl.	X	2-4	12.04

**12. apríl er öllum sveitungum boðið til lokahófs í boði sveitarstjórnar Mýrdalshrepps. Þá verður námskeiðinu slitið með dagskrá og góðu kaffi.**